

KIRKJUGARÐARÁÐ

90. fundur haldinn 10. október 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir: Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri og Þránínn Hauksson landslagsarkitekt.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

2. Ársreikningur Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2010

Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti. Reikningur var borinn upp og samþykktur.

3. Kynning á stöðu vegna kortagerðar og mælinga

Sigurgeir Skúlason kynnti stöðu verkefnisins. Komnir eru 108 garðar af 319 á netið. Á vinnslustigi eru 80 garðar, en eftir að vinna með 131 garð.

4. Hafnarkirkjugarður í Hornafirði – deiliskipulag vegna stækkunar

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Um er að ræða stækkun á garðinum sem ætti að duga næstu 30-40 árin. Kirkjugarðaráð lýsir ánægju með tillöguna.

5. Hólmsbergskirkjugarður í Keflavík – kynning vegna endurskipulags

Þránínn Hauksson landslagsarkitekt kynnti. Gert er ráð fyrir 40% aukningu á legstæðum sem dygðu næstu 10 árin með endurskipulagningu garðsins. Garðurinn á meira landsvæði í kring, þannig að hægt væri að stækka garðinn enn eftir það. Kirkjugarðaráð lýsti ánægju sinni með endurskipulagninguna.

6. Ráðstefna og stjórnarfundur NFKK í Kaupmannahöfn 6. – 7. október 2011 (norræna kirkjugarða- og bálfarasambandið)

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Þórsteinn Ragnarsson kynntu, en þeir sóttu fundinn og ráðstefnuna.

Á ráðstefnunni var fjallað um kostnað við kirkjugarða og líkbrennslu og munu gögn af seminari um kirkjugarðakostnað koma að gagni við endurskoðun gjaldalíkansins. Þórsteinn Ragnarsson sagði frá.

7. Næsti fundur

Ákveðið var að halda fundinn á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi 14. nóvember kl. 13.00. Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu verður boðaður á fundinn.

8. Önnur mál

Smári Sigurðsson óskaði eftir að tekið væri saman hver þróunin hefur verið varðandi framlag Kirkjugarðaráðs í rekstur og styrkveitingar undanfarin ár.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari